

## Leiðbeiningar um „Hvernig á að stýra rannsókn á samfélagslegu álitamáli“

Ef þú tekur samfélagslegt álitamál fyrir innan kennslustofunnar þarftu að tryggja að málið fái viðeigandi könnun og rannsókn svo það verði “áþreifanlegt” fyrir nemendum. Eftirfarandi listi sýnir nokkrar leiðir til að gera þetta en líklegast muntu oft beita nokkrum aðferðum í senn. .

**Bæta við:** bæta við hlutum, upplýsingum, mismunandi sjónarhornum/upplifunum, ...

t.d.: vinnuaðferðir “Önnur veröld”, ‘Tunnuhringur’, (sjá einingu ‘Að læra gegnum samræður og samskipti’)

**Kennsla:** bein og áþreifanleg kennsla til að tryggja meðvitaða og nákvæma áherslu á að víkka og dýpka málefnið hjá nemendum, t.d. bera saman, kanna afleiðingar, ...

t.d.: vinnuaðferðir ‘Lirfan’, ‘Samanburður og andstæður’ (sjá einingu ‘Að læra í gegnum hugsun’)

**Staðfesting:** verkefni/spurningar til þess að nemendur geti upplifað árangur eða mistök og frekari skref í framhaldinu.

t.d.: leyfa þeim að taka viðtöl við/spyrja fólk sem veit meira um málið, láta þá prófa eitthvað í raunveruleikanum og sjá hvað gerist, ...

**Endurstilling:** leggja fyrir verkefni/spurningar til að endurstilla áherslur nemenda.

t.d.: með því að bæta við nýjum upplýsingum, fara á stað sem varpar nýju ljósi á málið, eiga samtal sem beinist að öðru sjónarhorni, ... (Sjá vinnuaðferðir í námsþáttunum “Að læra gegnum samræður og samskipti”, og “Nám með hugsun”).

**Að búa til:** leggja fyrir verkefni/spurningar til að láta nemendur komast að niðurstöðum, almennum niðurstöðum, taka ákvarðanir, ...

t.d.: vinnuaðferð ‘Píramídi’, “Götóttur Ostur”(sjá nánar í þessum námsþætti)

**Að dæma:** leggja fyrir verkefni/spyrja til að láta þá dæma, tjá eigin sjónarmið, ...

t.d.: vinnuaðferðir „Tilfinningahjól“, „Teiknimyndatilbrigði“ (sjá námsþáttinn „Að læra gegnum samræður og samskipti“)